

Priðjudaginn 18. apríl 1989.

Nr. 3/1989.

Sálfræðingafélag Íslands

(Viðar Már Matthíasson hrl.)

gegn

Fræðsluskrifstofu Reykjanesumdæmis

(Andri Árnason hdl.).

Frávísun.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Jónas Gústavsson, Allan V. Magnússon og Ragnar Halldór Hall.

Málið, sem tekið var til dóms í dag, er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 11. þ.m.

Stefnandi er Sálfræðingafélag Íslands, kt. 540269-1069, Lágmúla 7, Reykjavík.

Stefndi er Fræðsluskrifstofa Reykjanesumdæmis, kt. 410676-0609, Lyngási 11, Garðabæ.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að Fræðsluskrifstofa Reykjanesumdæmis sé samningsaðili um kaup og kjör gagnvart Sálfræðingafélagi Íslands vegna þeirra félagsmanna, sem starfa á nefndri fræðsluskrifstofu.
2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað samkvæmt ákvörðun dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

Að stefndi verði alfarið sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu, verði málinu ekki vísað frá Félagsdómi ex officio.

I.

Stefnandi upplýsir, að félagið sé stéttarfélag og eitt af aðildarfélögum BHMR, en það séu samtök stéttarféлага háskólamenntaðra manna, sem starfi hjá ríki, sveitarfélögum og stofnunum þeirra eða hjá þeim stofnunum, sem reknar séu fyrir almannafé. Hann telur, að 4. mgr. 27. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna leiði til þess, að stefnandi fari með mál þetta f.h. þeirra félagsmanna sinna, sem starfa hjá stefnda.

Stefnandi telur, að stefndi sé réttur aðili til varnar í málinu, enda

sé um að ræða stofnun í skilningi framangreindra laga, sbr. 1. mgr. 1. gr. og 2. gr. þeirra. Hann telur og ágreiningsefnið eiga undir Félagsdóm, enda verði að skilja 1. tl. 26. gr. laganna svo, að ákvæðið taki einnig til ágreinings um samningsaðild vinnuveitenda megin, ella myndi ákvæðið ekki ná þeim tilgangi sínum, að Félagsdómur eigi úrskurðarvald um samningsaðild þeirra aðila, sem lögin taka til.

Stefnandi telur, að úrslit máls þessa geti hugsanlega skipt ríkissjóð máli að lögum, og hefur því, sbr. 52. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938, sent ríkissjóði tilkynningu um málshöfðunina. Ríkissjóður hefur ekki sýnt viðbrögð við því.

Málavextir.

Sálfræðingafélag Íslands er að sögn stefnanda stéttarfélag sálfræðinga á Íslandi, og eru skilyrði fyrir aðild að félaginu þau, að viðkomandi hafi lokið kandidatsprófi eða öðru hliðstæðu prófi í sálarfræði eða sálfræðilegri uppeldisfræði sem aðalgrein frá háskóla á Norðurlöndum eða sambærilegu prófi við aðra háskóla. Er um að ræða sömu skilyrði og greinir í lögum 40/1976 um sálfræðinga, en að sögn stefnanda er þar lýst þeim skilyrðum, sem menn þurfa að uppfylla til þess að geta fengið leyfi menntamálaráðherra til þess að kalla sig sálfræðinga. Að fengnu slíku leyfi hafa menn löggildingu til að starfa sem sálfræðingar.

Stefnandi kveður, að fram til gildistöku laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna þann 1. janúar 1987 hafi gilt lög nr. 46/1973 og síðar l. nr. 62/1985 um sama efni. Tóku lög þessi að sögn stefnanda til BHMR og aðildarfélaga, þar með talið til stefnanda. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 46/1973 og sambærilegu ákvæði l. nr. 62/1985 hafi heildarsamtök starfsmanna ríkisins (BHMR) farið með fyrirsvar fyrir ríkisstarfsmenn við gerð aðalkjarasamnings. Stjórnir einstakra félaga innan BHMR hafi farið með fyrirsvar þeirra við gerð sérkjarasamninga, en samkvæmt 6. gr. síðastnefndra laga hafi sérkjarasamningar tekið til skipunar starfsheita og manna í launaflokka, sérákvæða um vinnutíma, ef um sérstakar aðstæður væri að ræða, fæðisaðstöðu og fæðis-kostnað svo og önnur kjaraatriði, sem aðalkjarasamningur tæki ekki til og ekki væru lögbundin.

Við gildistöku laga nr. 94/1986 kveður stefnandi einstök stéttarfélag innan heildarsamtaka á borð við BHMR hafa fengið rétt til

að fara að fullu með fyrirvar félagsmanna sinna um gerð kjarasamninga. Hafi verið undirritaðir kjarasamningar á árinu 1987, og hafi stefnandi gert kjarasamning við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs þann 14. apríl 1987, og hafi gildistími þess kjarasamnings verið frá 1. febrúar 1987 til 31. desember 1988. Kjarasamningur þessi var að sögn stefnanda gerður við þær aðstæður, að tæknilegar hindranir stóðu því í vegi, að samningsaðild vegna sálfræðinga hjá fræðsluskrifstofum væri leidd til lykta.

Síðastgreindur kjarasamningur rann út að sögn stefnanda samkvæmt efni sínu þann 31. desember 1988, en var framlengdur með bráðabirgðalögum til 15. febrúar 1989. Stefnandi kveður Sálfræðingafélag Íslands hafa leitast við að knýja á um gerð nýs kjarasamnings, en ekki hafi náðst samkomulag við viðsemjendur félagsins um gerð slíks samnings. Stefnandi kveður Sálfræðingafélag Íslands fara samkvæmt 3. tl. 5. gr. laga nr. 94/1986 með fyrirvar félagsmanna sinna við gerð kjarasamnings. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laganna taki fyrirvar Sálfræðingafélags Íslands til allra félagsmanna, ef þeir eru ráðnir hjá ríkinu, ríkisstofnunum, sveitarfélögum eða stofnunum þeirra með föstum tíma-, viku- eða mánaðarlaunum, enda verði starfið talið aðalstarf. Samkvæmt 2. gr. laganna taki fyrirvar stéttarféлага einnig til þeirra félagsmanna, sem teljast starfsmenn sjálfseignarstofnana, sem starfa í almannabágu samkvæmt lögum, eru í fjárlögum eða njóta fjárframlaga til launagreiðslna úr ríkissjóði, af daggjöldum eða úr sveitarfélagasjóði, enda komi til samþykki viðkomandi stofnana.

Stefnandi telur, að með fyrirvar fyrir gagnaðila við gerð kjarasamninga sé einnig að finna fyrirmæli í lögum nr. 94/1986. Í 3. gr. laganna segir að sögn stefnanda, að fjármálaráðherra fari með fyrirvar ríkissjóðs, sveitarfélagastjórnir fari með fyrirvar sveitarfélags síns, að því er varðar kjarasamninga við starfsmenn sína. Af niðurlagsákvæði 3. gr. laganna telur stefnandi, að verði ráðið, að forráðaaðilar stofnana fari með samningsumboð fyrir þeirra hönd vegna starfsmanna, sem hjá þeim vinna.

Stefnandi upplýsir, að í Sálfræðingafélagi Íslands séu m.a. sálfræðingar, sem starfi hjá fræðsluskrifstofum í landinu. Fyrirmæli um fræðsluskrifstofur, stjórn þeirra, rekstur og hlutverk er að sögn stefnanda að finna í lögum nr. 63/1974 um grunnskóla með síðari breytingum. Stefnandi segir, að samkvæmt 9. gr. þeirra laga fari

menntamálaráðherra með yfirstjórn þeirra málefna, sem lögin taki til, en ráðherra til aðstoðar við framkvæmd laganna sé samstarfsnefnd, sem skipuð sé tveimur fulltrúum frá menntamálaráðuneytinu og tveimur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Stefnandi kveður landinu vera, í 10. gr. grunnskólalaga, skipt í átta staðbundin fræðsluumdæmi og að skipting þessi fari saman við kjördæmaskiptingu landsins. Stefnandi kveður eitt fræðsluumdæmanna vera Reykjanesumdæmi, sem taki yfir Gullbringu- og Kjósarsýslu, Hafnarfjarðarkaupstað, Keflavíkurkaupstað, Grindavíkurkaupstað, Garðakaupstað, Seltjarnarneskaupstað og Kópavogskaupstað.

Í hverju fræðsluumdæmi er að sögn stefnanda fræðsluráð og fræðsluskrifstofa. Fræðsluráð er að sögn stefnanda fjölskipað stjórnvald, og er kosið í fræðsluráð af landshlutasamtökum sveitarfélaga. Verkefni fræðsluráðs kveður stefnandi vera skilgreint í 12. gr. grunnskólalaganna, en meðal verkefna þess sé stjórn fræðslumála innan umdæmisins í umboði menntamálaráðuneytis og sveitarstjórna, sem hlut eiga að máli. Þá er að sögn stefnanda fræðsluráði skylt að gera tillögu til menntamálaráðuneytis um ráðningu fræðslustjóra umdæmisins, en fræðslustjóri er svo settur eða skipaður af menntamálaráðuneytinu.

Stefnandi kveður vera fyrirmæli um það í 14. gr. grunnskólalaganna, að fræðslustjóri sé fulltrúi menntamálaráðuneytisins og hlutaðeigandi sveitarfélaga um fræðslumál í umdæminu og sé framkvæmdastjóri fræðsluráðs. Sé verkefnum fræðslustjóra nánar lýst í 14. gr., og telur stefnandi ekki ástæðu til að tíunda þau að öðru leyti en því, að í 7. tl. segir svo:

„Hann hefur umsjón með ráðgjafar- og sálfræðipjónustu í grunnskóla, sbr. 68. gr.“

Um störf fræðslustjóra og fræðsluráðs eru að sögn stefnanda nánari fyrirmæli í reglugerð nr. 182/1976 um störf fræðslustjóra og reglugerð nr. 183/1976 um fræðsluráð. Telur stefnandi ástæðu til að benda á, að í fyrrnefndu reglugerðinni segi efnislega í 6. gr., að kostnaður við rekstur fræðsluskrifstofu sé greiddur úr ríkissjóði og af landshlutasamtökum sveitarfélaga, en nánari fyrirmæli um kostnaðarskiptinguna sé að finna í 85. gr. grunnskólalaga. Þar kemur fram að sögn stefnanda í C-lið greinarinnar ákvæði þess efnis, að kostnaður af ráðgjafar- og sálfræðipjónustu skóla greiðist að hálfu úr ríkissjóði. Telur stefnandi, að af þessu verði að ályktað,

að hinn helmingurinn greiðist af landshlutasamtökum sveitarfélaga.

Í 44. gr. reglugerðar 182/1976 segir stefnandi, að fyrirmæli sé að finna um, að ráðgjafar- og sálfræðipjónusta skuli vera sérstök deild í fræðsluskrifstofu, sem samkvæmt 2. mgr. lúti stjórn hlutað-eigandi fræðslustjóra undir yfirstjórn menntamálaráðuneytis. Þá kveður stefnandi, að um ráðgjafar- og sálfræðipjónustu grunnskóla sé til sérstök reglugerð nr. 21/1980. Þau efnisatriði þeirrar reglu-gerðar, sem máli skipti hér, séu eftirfarandi:

Reglugerðin hafi að geyma fyrirmæli um, að sett skuli á stofn ráðgjafar- og sálfræðipjónusta skóla í hverju fræðsluumdæmi. Hvíli skylda þessi á fræðsluráði. Skuli vera um að ræða sérstaka deild í fræðsluskrifstofu, og er deildin nefnd Sálfræðideild skóla. Deildin skuli lúta stjórn fræðslustjóra, en dagleg stjórn sýsla og verkstjórn skuli vera í höndum sérmenntaðs forstöðumanns. Jafnframt segi, að menntamálaráðuneytið hafi yfirstjórn ráðgjafar- og sálfræðipjónustu skóla (1. gr.). Í 10. gr. nefndrar reglugerðar segir, að um réttindi og skyldur settra og skipaðra starfsmanna ráðgjafar- og sálfræðipjónustu, Sálfræðideild skóla, fari samkvæmt lögum nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, eftir því sem við eigi, en um laun, starfskjör og vinnutíma fari eftir ákvæðum laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna og kjarasamningum stéttarfélaga, eftir því sem við eigi.

Stefnandi upplýsir, að í sálfræðideild skóla við Fræðsluskrifstofu Reykjanesumdæmis starfi eftirtaldir sex sálfræðingar:

<i>Nafn:</i>	<i>Kennitala:</i>	<i>Starfsheiti:</i>
Trausti Valsson	010149-2079	Forstöðumaður
Auður R. Gunnarsdóttir	100257-5999	Skólasálfræðingur
Guðmundur Arnkelsson	060157-5539	Skólasálfræðingur
Kristín Hallgrímsdóttir	250656-2549	Skólasálfræðingur
Már Viðar Másson	011249-3029	Skólasálfræðingur
Sigríður Benediktsdóttir	220550-4009	Skólasálfræðingur

Stefnandi kveður þau öll vera félagi í Sálfræðingafélagi Íslands. Stefnandi upplýsir, að þau hafi öll að Auði R. Gunnarsdóttur frá-
talinni gert skriflega ráðningarsamninga, þar sem vinnuveitandi sé tilgreindur Fræðsluskrifstofa Reykjanesumdæmis. Auður R. Gunnarsdóttir hafi ekki gert skriflegan ráðningarsamning, en að öðru leyti sé ekki, að því er séð verði, neinn eðlismunur á ráðningu hennar og annarra starfsmanna. Stefnandi kveður, að launaseðlar

þeirra sex aðila, sem að framan séu nefndir, beri það allir með sér, að Fræðsluskrifstofa Reykjanesumdæmis sé launagreiðandi og að stéttarfélag viðkomandi sé Sálfræðingafélag Íslands. Þá tekur stefnandi fram, að launaseðlarnir beri það með sér svo og ráðningarsamningarnir, að viðkomandi starfsmenn séu í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, og upplýsir stefnandi, að aðild þeirra að lífeyrissjóðnum byggist ekki á 3. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 29/1963, heldur á 4. gr. laganna. Stefnandi kveður Sálfræðingafélag Íslands fara sem stéttarfélag með samningsumboð fyrir hina tilgreindu sálfræðinga. Innan félagsins hafi verið ákveðið í samræmi við fyrirmæli 15. gr. laga nr. 94/1986 að láta fara fram allsherjaratkvæðagreiðslu um verkfallsboðun þann 6. apríl 1989. Samkvæmt ákvæðinu þurfi a.m.k. helmingur félagsmanna, sem starfi hjá þeim, sem verkfallið beinist gegn, að taka þátt í atkvæðagreiðslu og meiri hluti þeirra að samþykkja hana. Í atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun tóku að sögn stefnanda þátt fimm af sex sálfræðingum í starfi hjá stefnda. Samþykkti meiri hluti þeirra verkfallsboðun. Hófst því verkfall þann 6. apríl 1989. Stefnandi kveður starfsmennina hafa fengið greidd laun sín fyrir fram þann 1. apríl vegna aprílmánaðar, en stefndi gerði áskilnað um frádrátt við launagreiðslu fyrir maímánuð, ef af boðuðu verkfalli yrði.

Stefnandi kveður verkfallsboðun hafa verið beint til fræðslustjóra Reykjanesumdæmis, sem ekki hafi gert við það athugasemdir.

Stefnandi kveður, að fyrir liggir, að fræðslustjórinn hafi ekki talið sig hafa umboð til þess að semja við Sálfræðingafélag Íslands vegna þeirra félagsmanna, sem starfa hjá Fræðsluskrifstofu Reykjanesumdæmis. Hefur ríkissáttasemjari að sögn stefnanda upplýst þetta bréflaga til Sálfræðingafélags Íslands í bréfi, sem dagsett er 7. apríl 1989. Stefnandi tekur fram, að á árinu 1986 og einnig á öðrum tímum hafi fræðslustjórinn í Reykjanesumdæmi samið um ýmis sérkjaraatriði þeirra sálfræðinga, sem hjá fræðsluskrifstofunni starfa, og hafi í þeim tilvikum ekki látið í ljós neinar efasemdir um umboð sitt til að gera þá samninga. Erú lögð fram skjöl í málinu þessu til staðfestingar.

Stefnandi kveður mál þetta vera höfðað til þess að fá viðurkennda með dómi þá afstöðu Sálfræðingafélags Íslands, að félagið eigi að semja við fræðslustjóra f.h. Fræðsluskrifstofu Reykjanesumdæmis vegna þeirra félagsmanna, sem þar starfa, enda hafi

Fræðsluskrifstofa Reykjanesumdæmis eða fyrirsvarsmenn hennar ekki framselt umboð sitt til samninga öðrum aðilum, svo sem samninganefnd ríkisins eða launanefnd sveitarfélaga. Fullyrðir stefnandi, að hann hafi aldrei fengið tilkynningar um slíkt framsal, og telur það ekki hafa átt sér stað.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi kveður málshöfðun þessa óhjákvæmilega, enda verði að fá úr því skorið, hver fari með samningsumboð vinnuveitenda megin vegna sálfræðinga, sem starfa hjá fræðsluskrifstofum í hinum átta fræðsluumdæmum landsins, en um nokkurn fjölda sálfræðinga sé að ræða. Stefnandi telur, að Fræðsluskrifstofa Reykjanesumdæmis sé stofnun í skilningi laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sem sé rétt og skylt að semja við stéttarfélög um kjör starfsmanna sinna eftir atvikum í samvinnu við aðra vinnuveitendur, eins og gert sé ráð fyrir t.d. í 4. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 8. gr. nefndra laga. Stefnandi telur, að einungis séu tveir möguleikar um viðsemjanda við Sálfræðingafélag Íslands, stefnanda málsins vegna sálfræðinga, sem starfa hjá fræðsluskrifstofum í landinu. Annaðhvort er það fræðslustjóri f.h. fræðsluskrifstofu eða fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Stefnandi telur þriðja möguleikann, þ.e. launanefnd sveitarfélaga vegna sveitarfélaga, vera útilokaðan, enda séu sveitarfélög í Reykjanesumdæmi a.m.k. tólf talsins, og skipting á skuldbindingum þeirra gagnvart starfsmönnum við fræðsluskrifstofu umdæmisins sé með öllu óljós og eflaust breytileg milli ára. Stefnandi telur, að sálfræðingar þeir, sem um ræðir, séu ekki ríkisstarfsmenn í skilningi 1. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins né heldur ríkisstarfsmenn í skilningi 3. gr. laga nr. 29/1963 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þeir þiggi þannig ekki laun úr ríkissjóði og hafi ekki gert ráðningarsamning við ríkið eða ríkisstofnanir. Stefnandi telur, að fyrir liggji að vísu fyrirmæli settra laga (í rýmri merkingu), sem skapi sálfræðingum þessum þá sömu réttarstöðu og lög nr. 38/1954 veita, og að um kjör þeirra fari samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna, sbr. 10. gr. reglug. nr. 21/1980. Sálfræðingar þessir séu hins vegar starfsmenn Fræðsluskrifstofu Reykjanesumdæmis, sem greiði þeim laun úr sjóði sínum, og breyti hér engu í því sambandi, að rekstrarkostnaður sé greiddur að hálfu af ríkinu og að hálfu af landshlutasamtökum sveitarfélaga í viðkomandi umdæmi.

Fræðsluskrifstofa Reykjanesumdæmis er því að mati stefnanda vinnuveitandi í skilningi laga nr. 94/1986, enda launagreiðandi og aðili að ráðningarsamningi við viðkomandi starfsmenn. Stefnandi bendir á, að Fræðsluskrifstofa Reykjanesumdæmis hafi um langt skeið samið um einstök kjaraatriði, svo sem um greiðslur vegna afnota af eigin bílum starfsmanna, og talið sig hafa til þess umboð. Stefndi hafi einnig athugasemdalaust tekið við verkfallsboðun og ekki látið í ljós þá afstöðu, að verkfall sálfræðinga hjá Fræðsluskrifstofu Reykjanesumdæmis væri ólöglegt vegna þess, að verkfallsboðun hefði verið ranglega beint gegn sér.

Þá bendir stefnandi á, að starfsmenn þessir hafi fengið aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins á grundvelli 4. gr. laga um lífeyrissjóðinn, og hljóti sú staðreynd að skipta máli við mat á því, hver hafi samningsaðild vinnuveitenda megin við stefnanda vegna þessara manna. Framangreind rök, telur stefnandi, að eigi að leiða til þess, að stefnukröfurnar verði teknar til greina.

II.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að honum sé óskýlt og jafnframt óheimilt að gerast samningsaðili stefnanda um kaup og kjör vegna þeirra félagsmanna, sem starfa hjá Fræðsluskrifstofu Reykjanesumdæmis.

Stefndi gerir svofellda grein fyrir rökstuðningi fyrir sýknukröfu sinni og rekur þær réttarreglur, sem dómkrafan byggist á, jafnframt því sem málsástæðum stefnanda er mótmælt sem röngum.

1. Af hálfu stefnda er litið svo á, að málsókn stefnanda sé fyrst og fremst beint gegn fræðslustjóranum í Reykjanesumdæmi, en ekki fræðsluskrifstofunni sem slíkri, þar sem ekki verði séð, að fræðsluskrifstofan sem slík geti átt aðild að máli þessu.

Stefndi byggir á því í fyrsta lagi, að fræðslustjórinn í Reykjanesumdæmi sé opinber embættismaður, sem lúti yfirstjórn menntamálaráðuneytisins, sbr. l. nr. 63/1974. Skv. 15. gr. laganna er fræðslustjóri forstöðumaður fræðsluskrifstofu, og er hann skipaður af menntamálaráðherra (13. gr.). Skv. tilgreindum lögum eru verkefni fræðslustjóra margvísleg, sbr. 14. gr., og aðeins eitt af þeim verkefnum er umsjón með ráðgjafar- og sálfræðipjónustu í grunnskólum, sbr. 7. tl. 14. gr. Þau störf eða verkefni, sem fræðslustjóra eru falin að öðru leyti, þ.m.t.

á vegum fræðsluráða eða sveitarfélaga, hafa ekki sérstaka þýðingu í þessu máli.

Stefndi telur, að skýra verði 3. gr. 1. nr. 94/1986 svo, að forstöðumenn einstakra stofnana eða skrifstofa á vegum ríkisins eða hins opinbera að öðru leyti hafi ekki skyldu né rétt til samninga um kaup og kjör einstakra starfsmannahópa, svo sem gerð er krafa um í þessu máli.

Þá er sérstaklega mótmælt þeirri staðhæfingu stefnanda, að stefndi geti talist vera „sjálfseignarstofnun“ í skilningi 2. gr. 1. nr. 94/1986. Um slíkt er hvergi boðið í lögum, svo sem gert er ráð fyrir í 2. gr.

Rétt er að benda á, að um ráðgjafar- og sálfræðipjónustu í grunnskólum eru sérstök lagaákvæði, IX. kafli 1. nr. 63/1974, og skv. þeim er það menntamálaráðuneytið, sem í raun hefur með höndum alla yfirstjórn sálfræðipjónustu, og verður að líta svo á, að þessu leyti heyrir stefndi beint undir menntamálaráðuneytið.

Má í þessu sambandi vísa til 1. mgr. 69. gr. nr. 1. 63/1974, sbr. 4. mgr. 66. gr., sbr. 1. mgr. 68. gr. Þá er rétt að benda á VIII. kafla rgl. nr. 182/1976 um ráðgjafar- og sálfræðipjónustu, 44. gr., en í 3. mgr. er sérstaklega gert ráð fyrir, að þessi þjónusta sem heyrir undir menntamálaráðuneytið, skuli vera sérstök deild í fræðsluskrifstofu.

Þá má vísa til rgl. nr. 21/1980 um ráðgjafar- og sálfræðipjónustu grunnskóla, 7. gr., þar sem beinlínis er gert ráð fyrir, að menntamálaráðuneytið setji starfsmenn í störf við sálfræðipjónustu, en ekki svo, að slík skipan sé á vegum fræðslustjóra án afskipta ráðuneytis. Eingöngu hafa þó komið til ráðningar-samningar, sem stefndi gerir sem fræðslustjóri og í umbóði menntamálaráðuneytis.

Ákvæði 6. mgr. 66. gr., sbr. og 85. gr. 1. nr. 63/1974, um skiptingu kostnaðar af sálfræðipjónustu milli sveitarfélaga og ríkisins hefur enga sérstaka þýðingu hér og er liður í flóknari verka- og kostnaðarskiptingu milli þessara aðila.

Þó má benda á, að allt önnur réttarstaða kann að vera gildandi um annað starfsfólk fræðslustjóra en starfsmenn ráðgjafar- og sálfræðipjónustu, en ekki verður fjallað um það hér.

2. Í reglugerð nr. 21/1980 eru fyrirmæli um réttarstöðu sálfræðinga, sem starfa að sálfræðipjónustu í grunnskólum, en þar segir: „Um réttindi og skyldur settra eða skipaðra starfsmanna ráðgjafar- og sálfræðipjónustu fer skv. lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, eftir því sem við á. Um laun, starfskjör og vinnutíma fer eftir ákvæðum laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna og kjarasamningum stéttarfélag, eftir því sem við á.“

Af ákvæði þessu er ljóst, að gert er ráð fyrir, að fastir starfsmenn sálfræðipjónustu teljist ríkisstarfsmenn. Engu breytir, þótt tilgreindir starfsmenn hafi verið ráðnir skv. ráðningarsamningi í fast starf. Með vísan til reglugerðarákvæðis þessa, sem ekki hefur verið breytt eða fellt úr gildi, er ekki gert ráð fyrir öðru en að um kaup og kjör fari skv. gildandi kjarasamningum, sem gerðir eru við starfsmenn ríkisins, og hvergi heimilað, að stefndi geri sérstaka kjarasamninga við stefnanda f.h. félagsmanna þess.

3. Skv. bréfi stefnanda liggur fyrir, að af hálfu stefnanda Sálfræðingafélags Íslands er litið svo á, að um kaup og kjör sálfræðinga, sem ráðnir eru í „fræðslupjónustu“ fari skv. gildandi aðalkjarasamningi BHM við fjármálaráðherra og sérkjarasamningi Sálfræðingafélags Íslands við fjármálaráðherra.

Í ráðningarsamningi, sem fylgir bréfi stefnanda, er einnig gert beinlínis ráð fyrir, að um kaup og kjör fari skv. kjarasamningum, sem gerðir eru við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Þar er sérstaklega tekið fram, að „við gerð nýrra kjarasamninga fjármálaráðherra og samtaka starfsmanna ríkisins breytist efni samnings þessa af sjálfu sér í samræmi við þær almennu breytingar sem verða“.

4. Af þeim ráðningarsamningum, sem fyrir liggja, sbr. dskj. 14.-16., 18.-19., er ljóst, að viðkomandi starfsmenn hafa ætíð litið svo á einnig, að fræðslustjóri sjái í sjálfu sér ekkert um kaup og kjör, heldur fari fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs með þá aðild.

Ráðningarsamningum aðila hefur ekki verið sagt upp, og ber því að líta svo á, að ákvæði þeirra, er þetta varðar, séu óbreytt og í fullu gildi.

5. Af hálfu stefnanda virðist talið, að þau atriði, sem nefnd voru

í 3.-4. tl. hér að framan, hafi ekki þýðingu, þar sem breyting hafi verið gerð á fyrirkomulagi kjarasamninga og skv. l. nr. 94/1986 hafi félögin sjálf samningsumboð.

Stefndi leggur sérstaka áherslu á, að skv. reglug. nr. 21/1980 og í ráðningarsamningum sé gert ráð fyrir, að um kaup og kjör fari skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna og að forsvar fjármálaráðherra hafi ekkert breyst, þótt aðildin breyttist launþega megin. Ákvæði reglugerðar og ráðningarsamninga eru því í fullu gildi að þessu leyti.

6. Stefndi gerði, að því er virðist athugasemdalest, kjarasamning við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, m.a. vegna félagsmanna sinna á fræðsluskrifstofum, hinn 14. apríl 1987, þ.e. eftir gildistöku laga nr. 94/1986. Verður ekki séð, að stefndi hafi gert grein fyrir, hvers vegna óheimilt er nú af hans hálfu, að beina slíkri kröfu að sama aðila.
7. Tilvísun stefnanda til l. nr. 29/1963 getur ekki haft neina þýðingu í þessu máli, þar sem erindi fræðslustjóra snýr fyrst og fremst að almennu starfsfólki fræðsluskrifstofunnar (sem ráðið er í umboði fræðsluráðs, sbr. 2. mgr. 15. gr. l. nr. 63/1974).
8. Stefndi telur verkfallsboðun stefnanda frá 6.4. sl. markleysu, sbr. 16. gr. l. nr. 94/1986. Taldi stefndi, að tilkynning til sín væri til uppl. og að verkfallsboðunin hefði fyrst og fremst verið tilkynnt fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.
9. Ómótmælt er, að stefndi hefur talið sig geta greitt sálfræðingum afnot af bifreiðum (km-gjald) og annan slíkan tilfallandi útlagðan kostnað. Hefur slíkt að sjálfsögðu enga þýðingu í þessu máli.

III.

Í upphafi málflutnings beindi dómurinn því til lögmannna aðila, að þeir tjáðu sig sérstaklega um þau atriði, sem gætu leitt til frávisunar málsins af sjálfsdáðum.

Lögmaður stefnanda taldi sakarefnið falla beint undir 1. tl. 26. gr. laga nr. 94/1986 samkvæmt orðanna hljóðan og almennri lögskýringu. Þar segi, að Félagsdómur dæmi í málum, sem rísa á milli samningsaðila um „samningsaðild einstakra stéttarfélag““. Í greinargerð, sem fylgt hafi frumvarpi að lögnum, sé einnig nefndur „samningsréttur“ í þessu samhengi. Skilningur stefnanda sé því, að

undir ákvæði þetta falli úrlausnarefni um þrennt: 1) hvort um samningsrétt sé að ræða, 2) fyrir hvern eigi að semja og 3) við hvern eigi að semja. Lögskýringargögn gefi ekki tilefni til þess að beita þrengjandi lögskýringu, sem myndi leiða til takmörkunar á heimildum ákvæðis 26. gr. laganna.

Lögmaður stefndu andmælti þessum lögskýringarsjónarmiðum og benti á, að orðalag 1. tl. 26. gr. laganna væri skýrt og ótvírætt og að ekki væri heimilt að beita rýmkandi skýringu á grein þessa.

IV.

Álit dómsins.

Um samningsrétt félagsmanna aðildarféлага Bandalags háskólamanna eru nú í gildi ákvæði laga nr. 94/1986. Í 26. gr. þeirra er mælt fyrir um, að Félagsdómur skuli dæma um nokkur ágreiningsefni milli aðila að kjarasamningum þeim, sem löggin taka til. Sú lagagrein er svohljóðandi:

„Félagsdómur dæmir í málum sem rísa á milli samningsaðila um:

1. Samningsaðild einstakra stéttarféлага og til hvaða starfsmanna samningsaðild þeirra nær.
2. Lögmeiti boðaðra eða þegar hafinna vinnustöðvana.
3. Ágreining um skilning á kjarasamningi eða gildi hans.
4. Hverjir falli undir ákvæði 29. gr. laga nr. 38/1954.
5. Hverjir falli undir ákvæði 3.-6. tölul. 19. gr. þessara laga.
6. Önnur atriði, sem aðilar hafa samið um að leggja fyrir dóminn, enda séu að minnsta kosti þrír af dómendum því meðmæltir.

Félagsdómur dæmir og um ágreining um félagsaðild þeirra, sem undir lög þessi falla, hvort sem ágreiningurinn er milli samningsaðila, stéttarféлага eða einstakra starfsmanna og stéttarféлага.

Félgsdómi er heimilt að dæma í máli um atriði, sem tilgreind eru í 1. mgr., sem ágreiningur er um milli fjármálaráðherra eða sveitarfélags annars vegar og hins vegar einstakra starfsmanna eða starfsmannahópa, sem ekki falla undir 5. gr. þessara laga né lög nr. 80/1938, um stéttafélög og vinnudeilur, enda sé um það samkomulag milli aðila og að minnsta kosti þrír af dómendum séu því meðmæltir.“

Félagsdómur er sérdómstóll, og eru ofangreind ákvæði 26. gr. um dómsvald hans fortakslaus. Verður ekki ráðið af orðum greinarninnar eða forsögu hennar, að henni hafi verið ætlað að taka til annarra ágreiningsmála en þar greinir.

Um fyrirsvar af hálfu vinnuveitenda við gerð og framkvæmd kjarasamninga, sem lög nr. 94/1986 taka til, eru ákvæði í 3. gr. laganna. Ágreiningur um skýringu þeirrar greinar er ekki meðal þess, sem fellt er undir dómsvald Félagsdóms með 26. gr. laganna. Er máli þessu því sjálfkrafa vísað frá dómi.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur Hæstaréttar 12. maí 1989.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Þór Vilhjálmsson og Arn-
ljótur Björnsson, settur dómari.

Sóknaraðili hefur með heimild í 67. gr. laga nr. 80/1938 um stétt-
arfélög og vinnudeilur kært til Hæstaréttar frávisunardóm, sem
Félagsdómur kvað upp 18. apríl sl. Kært var 24. apríl, og barst
kæran Hæstarétti daginn eftir. Í kærú og greinargerð, sem dagsett
er 2. maí, krefst sóknaraðili þess, að frávisunardómurinn verði
felldur úr gildi og lagt fyrir Félagsdóm að taka málið til efnismeð-
ferðar. Þá er krafist kærúmálskostnaðar.

Í greinargerð lögmanns varnaraðila, sem dagsett er 9. maí, er
krafist staðfestingar hins kærða dóms og kærúmálskostnaðar.

Staðfesta ber hinn kærða dóm með tilvísun til forsendna hans.
Kærúmálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.
